

SÓKN

-Sókn er besta vörnin

Tbl. 4 | 9. desember 2025

Jólasveinar, dans og góðgæti - Jólaball Eflingar framundan



Jólasveinarnir láta sig ekki vanta!

Nú styttest í einn skemmtilegasta viðburð ársins hjá okkur í Eflingu. Árlegt jólaball félagsins verður haldið með pompi og prakt laugardaginn 13. desember næstkomandi í Gullhömrum í Grafarholti. Gleðin hefst klukkan 14:00. Eins og venja er verður mikið um dýrðir og sönn jólastemning

allsráðandi. Við fáum góða gesti ofan úr fjöllum þegar jólasveinarnir kíkja í heimsókn til að skemmta yngstu kynslóðinni (og þeim eldri líka!). Hljómsveit hússins mun sjá um fjörið þegar gengið verður í kringum jólatréð og sungið hástöfum. Enginn

þarf að fara svangur heim því boðið verður upp á gómsætar veitingar og jólalegt sætindi fyrir alla gesti. Þetta er frábært tækifæri fyrir félagsmenn að koma saman, hitta aðra félag og eiga notalega stund með fjölskyldunni í amstri desembermánaðar.

Efling mótmælir harðlega aðför að verkfallsréttinum



Frumvarpið er alvarleg aðför að sjálfstæðum samningsrétt stéttarféлага

Efling hefur sent Alþingi harðorða umsögn vegna nýs frumvarps tíu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Frumvarpið, sem lagt er fram af Jens Garðari Helgasyni og fleirum, gengur út á að skerða verkfallsrétt stéttarféлага og auka völd ríkissáttasemjara verulega. Samkvæmt frumvarpinu á að „bæta skilvirkni“ í kjaraviðræðum með því að auka vægi miðlunartillagna ríkissáttasemjara og þrengja að möguleikum félagsfólks til að beita vinnustöðvunum. Efling bendir á að

ekkert samráð var haft við verkalyðshreyfinguna við gerð frumvarpsins og lýsir það einkennilegri afstöðu til réttinda launafólks. Með frumvarpinu opinbera flutningsmenn algjöra fyrirlitningu á réttindum launafólks. Næði frumvarpið fram að ganga myndi ákvörðunarvald um kaup og kjör færast í auknum mæli frá félagsmönnum sjálfum og í hendur embættismanna ríkisins. Félagið leggst alfarið gegn þessu frumvarpi og varar við því að vegið sé að grunngildum stéttarfé-

laga með þessum hætti. Lesið umsögnina í heild sinni með því að fylgja þessum QR hlekk:



Efling á alþjóðavettvangi

- Aðild að UNI Global Union staðfest



Aðildarsamtök UNI Global Union telja yfir 20 milljón félagsmenn í 150 löndum

Efling stéttarfélag hefur fengið aðildarumsókn að UNI Global Union, alþjóðlegum samtökum verkalýðsfélaga í þjónustu- og umönnunargeirum, samþykkt. Aðild Eflingar var veitt á fundi framkvæmdastjórnar samtakanna, sem haldinn var í Nyon í Sviss dagana 12. og 13. nóvember 2025. Aðild Eflingar tekur gildi 1. janúar 2026. Í bréfi frá Alke Boessiger, aðstoðarframkvæmdastjóra UNI Global Union, kemur fram að samtök-

in bjóði Eflingu innilega velkomna og hlakki til nánara samstarfs á komandi árum. Þar er jafnframt lýst yfir vilja UNI til að styðja við starfsemi Eflingar og efla sameiginlega baráttu fyrir réttindum og kjörum launafólks. UNI Global Union eru sem fyrr segir alþjóðleg samtök stéttarféлага, sem samanlagt hafa yfir 20 milljónir félagsmanna innan sinna raða. Stéttarfélögin sem eiga aðild að samtökunum starfa í yfir 150 löndum um allan

heim. Með inngöngunni styrkir Efling tengsl sín við öflugt net systursamtaka og fær aðgang að alþjóðlegri þekkingu og sameiginlegum herferðum, og tækifæri til að hafa áhrif á þróun vinnu- markaðar á heimsvísu. Aðild Eflingar að UNI Global Union er því mikilvægt skref í áframhaldandi baráttu félagsins fyrir hagsmunum og réttindum verkafólks.

Hvað átt þú inni? – Ný reiknivél fyrir desemberuppbót

Efling heldur áfram að bæta stafræna þjónustu við félagsmenn og hefur nú sett í loftið nýja reiknivél á vef félagsins. Þetta er kærkomin nýjung, en reiknivélin gerir félagsfólki kleift að kanna rétt sinn til desemberuppbótar á örskotsstundu. Þetta er þriðja reiknivélin sem félagið útbýr, en áður hafa verið opnaðar vélar fyrir orlofsuppbót og almenna launareikninga. Með nýju vélinni er auðveldara en nokkru sinni fyrr að sannreyna hvort launaseðillinn sé réttur fyrir jólin.

Hvernig virkar reiknivélin?

Notkunin er sáraf einföld. Þú velur kjarasamninginn sem þú starfar eftir, skráir starfshlutfall þitt og hve lengi þú hefur unnið á árinu. Reiknivélin skilar þér þá nákvæmri upphæð sem þú átt rétt á. Munið að upphæðir og útborgunardagar geta verið breytilegir eftir kjarasamningum. Flestir eiga rétt á greiðslu 1. desember, en í sumum tilfellum er gjalddaginn eigi síðar en 15. desember.

Við hvetjum alla félagsmenn til að nýta sér tæknina, smella sig inn á vef Eflingar með QR kóðanum og fullvissa sig um að jólabónusinn skili sér réttur í budduna í ár.



Yfirgnæfandi stuðningur við breytingar á kjarasamningi hjúkrunarheimila



94 prósent þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu breytingar á kjarasamningnum

Eflingarfélagar, sem starfa á hjúkrunarheimilum, hafa samþykkt breytingu á kjarasamningi Eflingar við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Breytingarnar voru samþykktar með yfirgnæfandi marialite greiddra atkvæða.

Deilur höfðu staðið um nokkurra mánaða skeið en Efling sagði samningnum upp í febrúar síðastliðnum. Ástæðan var sú að ekki hafði tekist að uppfylla fyrirheit kjarasamningsins um aukna mönnun en uppsagnarákvæði þess efnis var í kjarasamningnum. Að lokum lagði ríkissáttasemjari fram innanhúss tillögu í lok október til lausnar deilunnar, sem samninganefndir beggja aðila sættust á.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var skýr: 94 prósent þeirra sem greiddu

atkvæði samþykktu breytingar á kjarasamningnum. Tæplega 4 prósent voru þeim andvíg og rúm 2 prósent tóku ekki afstöðu. Riflega 18 prósentu þáttaka var í kosningunni, sem telst góð þáttaka í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga.

Laun starfsfólks á hjúkrunarheimilum hækka um á bilinu 7.479 til 18.604 krónur á mánuði, mismunandi eftir störfum, starfsaldri, menntun og ábyrgð. Launahækkunarir eru afturvirkar frá 1. júlí síðastliðnum og voru greiddar út 1. desember.

Hvað felst meira í breytingunum?

Með samkomulaginu er stigið stórt skref í átt að launajafnrétti. Grunnlaunasetning starfsheita breytist og verður nú í samræmi við grunnlaunasetningu sambærilegra starfsheita á Landspítalanum. Í því felst að starfs-

fólk færist upp um launaflokka; starfsmaður A hækkar um einn launaflokk, starfsmaður B um tvo og félagsliðar færast upp um tvo launaflokka.

Þá er nýjum starfsheitum bætt við samninginn til að endurspegla ábyrgð og verkstjórn. Skilgreind verða störf hópstjóra, verkstjóra, flokkstjóra og vaktstjóra með víðeigandi launaflokkum.

Einnig kveður samningurinn á um sameiginlega „virðismatsvegferð“. Markmiðið er að undirbúa jarðveginn fyrir leiðréttingu á sögulegu vanmati á kvennastörfum og tryggja að störf almenns starfsfólks á hjúkrunarheimilum séu metin til jafns við sambærileg störf hjá hinu opinbera.

Geta bankarnir lækkað vexti?

– Stefán Ólafsson rýnir í tölurnar



Stefán Ólafsson, prófessor emeritus og sérfræðingur hjá Eflingu

Er svigrúm til staðar hjá bönkunum til að lækka vexti, óháð ákvörðunum Seðlabankans? Þessari spurningu svarar Stefán Ólafsson, prófessor emeritus og sérfræðingur Eflingar, í nýrri og ítarlegri grein á vef félagsins. Niðurstaða Stefáns er skýr: Já, bankarnir geta lækkað vexti ef viljinn er fyrir hendi. Í greiningunni bendir Stefán á að hinn mikli vaxtamunur – það er munurinn á innláns- og útlánavöxtum – sé ein helsta uppspretta methagnaðar bankanna undanfarin misseri. Þessi „sjálfataka“ bankanna ofan á stýrivexti Seðlabankans bitnar harkalega á

heimilum landsins og félagsmönnum Eflingar, sem sjá stóran hluta ráðstöfunartekna hverfa í vaxtakostnað.

Stefán færir rök fyrir því að það sé ekkert náttúrulögmál sem skipi bönkunum að viðhalda svo hárrí álagningu. Þvert á móti snúist þetta um pólitískt og siðferðislegt val; hvort setja eigi arðsemi hluthafa í forgang eða afkomuöryggi heimilanna. Við hvetjum alla félagsmenn til að lesa grein Stefáns á heimasíðu Eflingar. Þar er farið ofan í saumana á tölunum og sýnt svart á hvítu hvernig bankarnir gætu

sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með því að lækka eigin álagningu strax í dag. Lesið greinina í heild sinni með því að fylgja QR kóðanum.



Trúnaðarmaður mánaðarins - Hjördís Bech Ásgeirsdóttir



Hjördís Bech Ásgeirsdóttir er trúnaðarmaður Eflingar hjá samfélagshúsinu Vitatorgi

Hvað hefur gert þennan desember sérstakan hjá þér hingað til?

Jólaandinn og spennan í kringum jólin. Kertaljós og kósýstundir við undirbúning jólaanna.

Hvaða hefð eða venja setur þig strax í jólaskepp?

Fyrsti sunnudagur í aðventu þá er ég vön að setja upp jóla ljós og smá jólastemmingu heima – í gluggana og svo jólakransinn á borðið. Kertaljós er venjan um leið og fer að dimma.

Hvað hefur verið þér mest gefandi í hlutverki trúnaðarmanns undanfarið?

Taka þátt og vera til staðar og geta aðstoðað félagsmenn þegar þörf er á því. Hressandi og skemmtilegu samskiptin og félagskapurinn við félagsmenn og Eflingu. Þekking og hvatning sem er samhliða því. Að

taka þátt í ýmsum verkefnum sem snúa að kjarabaráttu verkafólks er ómetanlegt.

Hvaða breytingu eða umbót myndir þú helst vilja sjá á vinnustaðnum á nýju ári?

Á mínum vinnustað er alltaf hægt að gera betur. Aðalmálið er að vera opin fyrir nýjum möguleikum sem geta bætt starfið.

Hvernig upplifir þú skammdegið í desember, hefur það áhrif á þig, og gerir þú eitthvað sérstakt til að njóta eða halda orkunni yfir dimmasta mánuð vetrarins? Skammdegið hefur lítill áhrif á mig. Þá er tími kertaljósanna. Kertaljósinn gefa ómeðvitaða orku og hlýleika. Þetta er mánuður sem er oftast nær mikið að gera í undirbúningi jólaanna svo hann líður hratt.

Ef þú mættir óska þér einnar breytingar fyrir verkafólk almennt árið 2026, hvað væri það?

Úff. Þegar stórt er spurt... Það er svo margt, hærri laun. Nákvæmara eftirlit hjá fyrirtækjum sem misnota sér bága aðstöðu fólks og borga þeim undir lágmarkslaunum. Það sé hægt að gera þau ábyrg til að leiðrétta launin, og aftur í tímann með sektarákvæðum. Verkafólk fái fulla matar- og kaffitíma sína aftur. Jú, það þurfa allir að nærast til að geta haldið góðri heilsu til vinnu o.fl.

Ég hef alveg heyrt um það að verka-fólk sé misnotað og fái varla að taka sér tíma til að setjast niður á milli verka, ofhlaðið verkefnum eins og um vélmanni sé að ræða.

Hækka skattleysismörkin upp í 450.000, það myndi skila sér mest í launaumslagið.

Þak á húsaleigukostnað.

Greiðslumat eigi að miðast við húsaleiguna. Ef hægt er að greiða 250 - 400.000 í húsaleigu þá segir það sig sjálft að viðkomandi ætti að geta farið í gegnum greiðslumatið án vandræða.

Allar íþróttir og tómstundir verði settar undir grunnskólana börnunum (foreldrum) að kostnaðarlausu. Þannig eiga börn jafnan möguleika á að stunda sín áhugamál, burtséð frá fjárhag fjölskyldunnar. Kennarar í grunnskólum í Noregi staðhæfa og segja: „Með þessu móti fá öll börn að blómstra og þeim gengur betur í náminu fyrir vikið“. Þannig er þetta í Noregi.

Lengra fæðingarorlof, foreldrar fái að velja sjálf sín á milli hversu marga mánuði þau verða heima í fæðingarorlofinu. Ég gæti talið meira upp en læt þetta duga.

Ef ég ætti að velja eitt af þessu, þá myndi ég velja: Allar íþróttir og tómstundir verði settar undir grunnskólana börnunum (foreldrum) að kostnaðarlausu. Það eitt væri mjög góð búbot inni á heimilum fjölskyldna. Það eru ótrúlega mörg börn sem geta ekki stundað áhugamálin sín vegna þess að það er svo dýrt. Sumir foreldrar reyna að fá lán eða setja á greiðslur svo barnið fái að blómstra á meðan aðrir foreldrar sjá hvergi glufu til þess að mæta þeim kostnaði og sitja þá elsku börnin uppi sár og leið yfir að fá ekki sömu tækifæri og margir aðrir fá.